

Félag um menntarannsóknir
Ársskýrsla 2010 – 2011

Í stjórn Félags um menntarannsóknir eru:

Steinunn Helga Lárusdóttir, lektor við Menntavísindasvið HÍ, formaður
Sigurlína Davíðsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið, ritari
Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, doktorsnemi á Menntavísindasviði HÍ, gjaldkeri
Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við Háskólann á Akureyri, meðstjórnandi
Gretar L. Marinósson, prófessor við Menntavísindasvið, meðstjórnandi
Almar Halldórsson, Námsmatsstofnun, meðstjórnandi

Varamenn í stjórn FUM:

Árni Guðmundsson
Brynja Dís Björnsdóttir

Markmið félagsins samkvæmt lögum eru þessi:

- Að efla rannsóknir og þróunarstarf á sviði menntunar á Íslandi með því að:
 - skapa vettvang fyrir faglega umræðu um rannsóknir og þróunarstarf
 - stuðla að útbreiðslu þekkingar á rannsóknum og þróunarstarfi
 - efla tengsl og samstarf félaganna
 - stuðla að samvinnu við samtök og stofnanir sem sinna uppeldis- og menntamálum hér á landi og erlendis
 - efla þekkingu og færni félagsmanna til að leggja stund á rannsóknir á menntamálum
 - skapa vettvang fyrir þverfaglegar rannsóknir

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu viðfangsefnum stjórnar félagsins á síðasta starfsári.

Félagar í FUM

Félagsmenn í mars 2011 eru 379, 325 einstaklingar og 54 stofnanir. Þrjátíu félagsmenn sögðu sig úr félaginu upphafi árs eftir að formaður FUM sendi bréf þann 28. febrúar og vakti athygli á breyttum innheimtuaðferðum vegna félagsgjalda. Í sama bréfi var athygli félagsmanna vakin á vef Fum sem fyrirhugað væri að opna í nýju umhverfi og félagar hvattir til að senda inn ábendingar um efni eða efnistökin við vefinn. Sambærilegt bréf var einnig sent til meistara- og doktorsnema og þeir hvattir til að skrá sig í félagið. Nokkrir nýir félagar skráðu sig í kjölfarið.

Stjórnarfundir

Stjórn FUM hélt sjö fundi á tímabilinu 5. janúar 2010 til 21. febrúar 2011

Vefur félagsins

Á síðasta ári var unnið að því færa vef félagsins í nýtt Word Press umhverfi. Edda Kjartansdóttir, forstöðumaður SRR tók að sér forvinnuna við að skipuleggja vefinn og færa efni af eldra vef yfir í þann nýrri. Brynja Dís Björnsdóttir tók þvínæst við vefnum og hefur unnið við að þróa veftré fyrir síðuna og hann uppsetningu og litasamsetningar. Vefurinn í nýju umhverfi verður kynntur á aðalfundi félagsins 29. mars og stefnt að því að opna hann formlega innan skamms. Meðan vinnan við nýja vefinn hefur staðið yfir hefur gamli vefur FUM áfram gegnt hlutverki sínu. Meyvant Þórólfsson, fyrrum stjórnarmaður FUM og vefumsjónarmaður, uppfærði vefinn eftir þörfum. Eru Meyvant færðar bestu þakkir stjórnar FUM fyrir að sinna þessu hlutverki í heilt ár eftir að hann lét formlega af störfum fyrir félagið.

Ráðstefnur FUM

FUM hefur frá upphafi staðið fyrir ráðstefnum um menntarannsóknir annað hvort ár. Næsta ráðstefna er fyrirhuguð á vormisseri 2012.

Tímarit um menntarannsóknir, TUM

Sjöunda tölublað tímarits FUM, „Tímarit um menntarannsóknir“ kom út í janúar á þessu ári, 2011. Ritstjóri þess var Gretar L. Marinósson, (ritstjóri 2008-2011). Nokkrar tafir urðu á útkomu ritsins að þessu sinni en Háskólaútgáfan sá nú í fyrsta sinn um umbrot, prentun, fjölföldun og dreifingu tímaritsins.

Í ritstjórn sitja, auk Gretars, Hafþór Guðjónsson, Kristján Kristjánsson, Sif Einarsdóttir og Þorsteinn Helgason, öll við Háskóla Íslands. Þær Kristín Aðalsteinsdóttir, Háskólanum á Akureyri og Þórdís Þórðardóttir, Háskóla Íslands hættu báðar í ritstjórn á síðasta ári, Kristín í mars og Þórdís í október. Stjórn FUM færir þeim Kristínu og Þórdísi bestu þakkir fyrir sín störf í þágu tímaritsins.

Póstlistinn

Póstlisti félagsmanna hefur verið notaður til að senda tilkynningar um námskeið og ráðstefnur og aðra þjónustu félagsins en fyrirspurnum svarað í hefðbundnum tölvupósti. Enn eru hnökrar á pósthlista því erfiðlega gengur að ná inn upplýsingum um breytt og/eða ný netföng. Af þessum sökum er ævinlega nokkur hluti útsendra bréfa frá FUM endursendur. Þótt reynt sé að grafast fyrir um ný og/eða breytt netföng er afar mikilvægt að félagsmenn tilkynni vefstjóra (brynjadisb@gmail.com) um breytingar til að koma í veg fyrir að upplýsingar misfarist.

Námskeið

Þann 19. Febrúar 2011 var haldið námskeið í textagreiningu með NVivo, Kennari var Kristján Ketill Stefánsson.

Boðið hafði verið námskeið í EndNote en fella varð námskeiðið niður vegna dræmrar þátttöku.

Íðorðasafn

Á vegum Félags um menntarannsóknir og Menntavísindasviðs starfar íðorðanefnd í menntunarfræðum. Nefndin hefur það markmið að gefa út íðorðasafn í bókarformi eða á Netinu og byggja þar á þeim grunni sem þegar liggur fyrir. Nefndina skipa eftirfarandi aðilar.

Gerður Óskarsdóttir, formaður, fulltrúi FUM
Guðrún Geirsdóttir, fulltrúi FUM
Jón I. Hannesson, fulltrúi KÍ
Baldur Sigurðsson, fulltrúi Menntavísindasviðs
Þuríður Jóhannsdóttir, fulltrúi Menntavísindasviðs

Stefna og framkvæmdaáætlun fyrir næsta ár.

Stjórn Félags um menntarannsóknir leggur til að einkum verði lögð áhersla á eftirfarandi þætti.

- Útgáfu Tímarits um menntarannsóknir en það kemur út árlega.
- Ráðstefnu sem haldin verði a.m.k. annað hvert ár. Næsta ráðstefna er fyrirhuguð 2012.
- Samstarf við innlenda aðila sem sinna menntarannsóknum
- Samstarf við erlenda aðila um ráðstefnuhald
- Vef félagsins og áframhaldandi þróun hans
- Námskeið um efni tengt rannsóknum og rannsóknaraðferðum
- Aukna þátttöku nema í rannsóknartengdu námi í starfi FUM
- Fjölgun félagsmanna og virkjun þeirra til þátttöku í umræðum og skoðanaskiptum um menntamál og menntarannsóknir

Reykjavík 29. mars 2011

Steinunn Helga Lárusdóttir, formaður FUM